

## Greinargerð með ársreikningi Sveitarfélagsins Árborgar árið 2018

Ársreikningur Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2018 er lagður fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn þriðjudaginn 30. apríl 2019. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn og verður seinni umræðan í bæjarstjórn 15. maí n.k.

### Inngangur

Samstæða sveitarfélagsins skilar afgangi frá rekstri upp á 194,8 millj.kr., samanborið við 282,8 millj.kr afgang árið 2017. Í því sambandi má nefna að fjármagnsgjöld eru 129,3 millj. kr. hærri en árið 2017 vegna aukinnar verðbólgu. Aðalsjóður er nú rekinn með 50,0 millj.kr. rekstrarhalla af sömu orsökum.

Gerð var breyting á meðhöndlun arðgreiðslna frá Selfossveitum, Vatnsveitu og Fráveitu í ársreikningi í framhaldi af ábendingu í úttekt Haraldar L. Haraldssonar og að tilmælum endurskoðenda. Hagnaður af samstæðu er því 180 millj. kr. lægri en verið hefði samkvæmt eldri aðferð. Samanburðartölur vegna ársins 2017 í ársreikningi hafa verið umreiknaðar með sömu aðferð þannig að þær séu samanburðarhæfar. Sú aðferð sem notuð hefur verið fram til þessa telst ekki vera röng en það er álit endurskoðenda og stjórnenda bæjarins að ný aðferð gefi skýrari mynd af niðurstöðum ársreiknings. Breytingin felst í því að arðgreiðslurnar eru nú færðar til gjalda hjá Selfossveitum, Fráveitu og Vatnsveitu í stað þess að vera færðar af eigin fé.

Skatttekjur hækkuðu um 554,9 millj.kr. á milli ára og voru heildartekjur sveitarfélagsins um 380,7 millj.kr. yfir áætlun.

Skuldahlutfall samstæðunnar lækkar enn og fer skuldaviðmið sem reiknað er skv. reglugerð 502/2012 um fjárhagsviðmið sveitarfélaga í 122,6%, en var 124% í árslok 2017.

Fjárfestingar námu 1.916,1 millj.kr., sem er í samræmi við áætlun. Veltufé frá rekstri hækkar á milli ára, nemur 1.092 millj.kr. og er um 42 millj.kr. yfir áætlun og 104 millj.kr. hærra en árið 2017.

Heildarniðurstaða ársreiknings fyrir árið 2018 telst vel viðunandi þó halli hafi verið af rekstri A-hluta vegna verðbólguáhrifa. Veltufé frá rekstri er 11,9% af heildartekjum sem er mjög ásættanlegt, tekjur aukast umtalsvert og sjóðstreymi lagast. Handbært fé frá rekstri var 872,3 millj.kr en það er 26,7 millj.kr hærri fjárhæð en áætlun gerði ráð fyrir. Þessi stærð er mjög mikilvæg þar sem hún sýnir þá peningamyndun sem varð hjá sveitarfélaginu á árinu. Eðlilegt er að gera ráð fyrir að þessi stærð sé hærri en nettó greiðslubyrði langtímalíða til þess að samstæðan þurfi ekki að fjármagna rekstur eða endurgreiðslu lána með nýju lánsfé eða sölu eign. Afborganir og uppgreiðslur langtímalána og lífeyrisskuldbindinga á árinu námu 839,5 millj.kr.

Þrátt fyrir að afkoma sé að mestu leyti góð eru ýmis tækifæri til að gera betur í rekstri. Vinna við að ná þeim árangri er þegar hafin, m.a. á grunni úttektar Haraldar L. Haraldssonar.

## Rekstur ársins 2018

Samstæðureikningur Sveitarfélagsins Árborgar samanstendur af A-hluta og B-hluta.

Í A-hluta eru :

- Aðalsjóður
- Eignasjóður
- Þjónustustöð
- Fasteignafélag Árborgar
- Verktækni ehf.

Í B-hluta eru :

- Byggingarsjóður aldraðra
- Fráveita
- Vatnsveita
- Selfossveitur
- Sandvíkursetur ehf.

Meginreglan er sú að í A-hluta flokkast þær rekstrareiningar sveitarfélagsins sem fjármagnaðar eru að hluta eða öllu leyti með skatttekjum en í B-hluta flokkast þær rekstrareiningar, stofnanir og fyrirtæki sem reknar eru sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Rekstrareiningar í B-hluta hafa lagaheimild til að innheimta þjónustugjöld til þess að standa að fullu undir útgjöldum sínum.

Helstu niðurstöður rekstrar eru :

Í þús. kr.	A - hluti			A- og B - hluti		
	2018	Áætlun	Mismunur	2018	Áætlun	Mismunur
Rekstrartekjur	8.000.165	7.671.017	329.148	9.151.687	8.770.974	380.713
Rekstrargjöld	7.341.218	7.143.836	197.382	7.798.112	7.633.735	164.377
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir</b>	658.946	527.181	131.765	1.353.575	1.137.239	216.336
Afskriftir	(312.574)	(326.487)	13.913	(462.777)	(509.779)	47.002
<b>Niðurstaða án fjármagnsliða</b>	346.372	200.694	145.678	890.799	627.460	263.339
Fjármagnsliðir, nettó	(396.323)	(273.794)	(122.529)	(669.360)	(317.629)	(351.731)
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir reiknaðan tekjuskatt</b>	<b>(49.951)</b>	<b>(73.100)</b>	<b>23.149</b>	<b>221.439</b>	<b>309.831</b>	<b>(88.392)</b>
Reiknaður tekjuskattur	0	0	0	(26.683)	(9.267)	(20.759)
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>(49.951)</b>	<b>(73.100)</b>	<b>23.149</b>	<b>194.756</b>	<b>300.564</b>	<b>(105.808)</b>

Breytingar hafa verið gerðar á framsetningu samstæðuársreiknings en þær eru að arður sem Fráveita, Vatnsveita og Selfossveitur greiða til aðalsjóðs er nú færður til gjalda undir fjármagnsliði í stað þess að færa hann í gegnum eigið fé. Því lækkar rekstrarniðurstaða ársins um 180 millj.kr. Með þessum breytingum fæst betri mynd af eiginlegum rekstri sveitarfélagsins.

Rekstrarniðurstaða A- og B- hluta er jákvæð um 195 millj.kr. sem er 105,8 millj.kr. lakari niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir.

Heildartekjur eru 9.152 millj.kr. og heildarútgjöld með afskriftum en án fjármagnsliða 8.261 millj.kr. Að öllu samanlögðu nema heildarútgjöld með afskriftum án fjármagnsliða 90 % af heildartekjum A- og B-hluta ársreiknings.

Fræðslu- og uppeldismál er umfangsmesti málaflokkurinn í rekstri sveitarfélagsins, tekur til sín 4.131 millj.kr. Sveitarfélagið Árborg er stór vinnuveitandi og greiðir 4.840 millj.kr. í laun og launatengd gjöld.

Jákvæð frávik eru í eftirfarandi málaflokkum : félagsþjónusta, menningarmál, bruna- og almannavarnir, umhverfismál og breyting lífeyrisskuldbindingar. Samtals eru þessir málaflokkar 243,6 millj.kr. undir áætlun.

Þeir málaflokkar í aðalsjóði sem eru með neikvæð frávik eru eftirfarandi : fræðslu- og uppeldismál, íþróttá- og æskulýðsmál, hreinlætismál, skipulags- og byggingarmál, umferðar- og samgöngumál og sameiginlegur kostnaður. Samtals eru þessir málaflokkar 265 millj.kr. yfir áætlun. Stærsta frávikið er í fræðslu- og uppeldismálum sem er langstærsti málaflokkur sveitarfélagsins.

Neikvæð frávik fjármagnsliða aðalsjóðs eru 11,5 millj.kr.

Afkoma A-hluta stofnana er 163,5 millj.kr. lakari en áætlun gerir ráð fyrir. Afkoma Eignasjóðs er lakari en áætlun sem nemur 76,5 millj.kr. Afkoma Þjónustustöðvar er 14,8 millj.kr. lakari en áætlun, afkoma Fasteignafélags Árborgar er 67,4 millj.kr. óhagstæðari en áætlun og afkoma Verktækni ehf. 4,8 millj.kr. lakari en áætlun gerir ráð fyrir.

Rekstrarniðurstaða A-hluta er neikvæð um 50 millj.kr. sem er 23 millj.kr. hagstæðari afkoma en áætlun gerir ráð fyrir.

Frávik B-hluta félaga eru óhagstæð um 129 millj.kr. Frávik í Byggingarsjóði aldraðra eru óhagstæð um 9,1 millj.kr. Fráveita er með óhagstæð frávik upp á 95 millj.kr. Frávik Vatnsveitu eru óhagstæð sem nemur 19 millj.kr. Selfossveitur sýna betri afkomu en áætlun sem nemur 6,3 millj.kr. Sandvíkursetur ehf. er með óhagstæð frávik upp á 12 millj.kr.

## Fjárfestingar

Fjárfestingar ársins námu alls 1.916,1 millj.kr. sem skiptast þannig: fasteignir og lóðir 1.129,8 millj.kr., veitu- og gatnakerfi 661,4 millj.kr. og bifreiðar, vélar, áhöld og tæki 125 millj.kr.

## Skuldahlutfall og skuldaviðmið

Skuldahlutfall samantekinna reikningsskila nemur 134,8% í árslok 2018 samanborið við 131,6% í árslok 2017. Útreikningur skv. reglugerð 502/2012 gefur skuldaviðmið 122,6% í árslok 2018 samanborið við 124% í árslok 2017.

## Efnahagsreikningur 31.12.2018

Samanteknar niðurstöður efnahagsreiknings birtast í töflunni hér að neðan :

Í þús.kr.	A - hluti		A - og B -hluti	
	2018	2017	2018	2017
<b>Eignir</b>				
Varanlegir rekstrarfjármunir	11.052.163	9.644.944	14.894.106	13.514.443
Áhættufjármunir og langtímakröfur	1.143.248	564.507	1.056.858	381.329
Veltufjármunir	2.224.427	2.103.174	1.314.785	1.429.561
<b>Eignir samtals</b>	<b>14.419.839</b>	<b>12.312.625</b>	<b>17.265.750</b>	<b>15.325.333</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>				
Eigið fé	2.306.352	1.813.642	4.960.651	4.186.784
Lífeyrisskuldbindingar	1.892.227	1.842.046	2.185.555	2.105.350
Langtímaskuldbindingar	7.362.082	5.935.167	8.131.041	7.154.373
Skammtímaskuldir	2.859.178	2.721.771	1.988.503	1.878.826
<b>Skuldir og skuldbindingar samtals</b>	<b>12.113.487</b>	<b>10.498.984</b>	<b>12.305.100</b>	<b>11.138.549</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>14.419.839</b>	<b>12.312.626</b>	<b>17.265.750</b>	<b>15.325.333</b>

### Sjóðstreymi ársins 2018

Samanteknar niðurstöður birtast í töflunni hér að neðan :

Í þús.kr.	A - hluti		A- og B - hluti	
	2018	Áætlun	2018	Áætlun
Niðurstaða ársins	(49.951)	(73.100)	194.756	300.564
Veltufé frá rekstri	430.317	466.427	1.092.325	1.050.215
Handbært fé frá rekstri	177.954	210.716	872.285	845.589
Fjárfestingarhreyfingar	(1.777.758)	(1.879.428)	(2.535.752)	(2.407.639)
Fjármögnunarhreyfingar	1.279.013	1.396.238	1.265.755	1.235.458
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(320.790)	(272.474)	(397.711)	(326.592)

## Lykiltölur

Samanteknar niðurstöður birtast í töflunni hér að neðan :

Í hlutfalli við rekstrartekjur :	Bæjarsjóður A - hluti		Samstæða A - og B - hluti	
	2018	Áætlun	2018	Áætlun
Laun og launatengd gjöld	58,2%	59,4%	52,9%	54,0%
Lífeyrisskuldbinding, breyting	0,3%	1,1%	0,3%	1,0%
Annar rekstrarkostnaður	33,3%	32,6%	32,0%	32,0%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	8,2%	6,9%	14,8%	13,0%
Afskriftir	3,9%	4,3%	5,1%	5,8%
Fjármagnsliðir	5,0%	3,6%	7,6%	3,7%
Rekstrarniðurstaða	-0,6%	-1,0%	2,1%	3,4%
Hreint veltufé frá rekstri	5,4%	6,1%	11,9%	12,0%
<b>Á íbúa, í þús.kr. :</b>				
Skatttekjur	732	734	728	730
Aðrar tekjur	114	103	240	226
Laun og launatengd gjöld	-495	-506	-515	-526
Annar rekstrarkostnaður	-281	-273	-310	-306
Afskriftir	-33	-36	-49	-56
Fjármagnsliðir	-42	-30	-74	-36
Rekstrarniðurstaða	-5	-8	21	33
<b>Aðrar lykiltölur</b>				
Veltufjárhlutfall	0,8	0,7	0,7	0,6
Skuldahlutfall	151,4%	148,8%	134,5%	131,4%
Skuldahlutfall skv. reglugerð 502/2012	138,1%	141,0%	122,6%	123,8%



## Framtíðarsýn

Eins og áður segir eru niðurstöður ársreiknings séu að mörgu leyti góðar. Íbúafjölgun var 5,5% á árinu 2018 og sér ekki fyrir endann á mikilli fjölgun íbúa. Þetta felur í sér tækifæri en gerir um leið kröfur til þess mikilla fjárfestinga og að gætilega sé farið í fjármálum.

Töluvert er um frávik í fjárhagsáætlun þó að þau jafnist ágætlega út milli málaflokka þegar upp er staðið. Mikil aukning skatttekna hverfur hinsvegar í óhagstæðum frávikum í rekstrarreikningi, m.a. vegna verðbólguáhrifa en einnig eru rekstrargjöld 164 millj.kr. yfir áætlun. Aukna áherslu þarf að leggja á nákvæmni í gerð fjárhagsáætlunar til að draga úr slíkum frávikum, hvort sem er vegna tekna eða gjalda. Leitast verður við að bæta úr þessu við gerð fjárhagsáætlunar í haust og í því sambandi verður litið til þeirra „Best practice“ leiðbeininga sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gefið út.

Áætla má að fjölgun íbúa haldi áfram á árinu 2019 með svipuðum hætti og var árið 2017. Mikill fjöldi íbúða er enn í byggingu, auk þess sem sveitarfélagið mun á næstunni úthluta lóðum í nýju hverfi, Björkurstykki. Í Björkurstykki mun rísa grunnskóli og íþróttahús ásamt leikskóla og væntanlega tónlistarskóla.

Framundan eru miklar fjárfestingar hjá sveitarfélaginu. Nýr grunnskóli, nýr leikskóli, fjölnota íþróttahús og hreinsistöð fyrir fráveitu er meðal þess sem liggur fyrir dyrum. Auk þess þarf að fjárfesta verulega í gatnagerð.

Unnið hefur verið að lagningu göngu- og hjólastíga og verður því verkefni haldið áfram. Gert er ráð fyrir útboði á nýju hjúkrunarheimili í maí á þessu ári, en sveitarfélagið greiðir 16% stofnkostnaðar á móti ríkinu.

Hægt verður að nálgast ársreikninginn á heimasíðu Árborgar, <http://www.arborg.is> eftir að hann hefur verið tekinn til seinni umræðu í bæjarstjórn.